

Hafnarfirði 17. janúar 2018.

Fræðsluráð Hafnarfjarðar

MINNISBLAÐ

Mál nr. 1801191, fæðismál í grunnskólum

Í fundargerð fræðsluráðs Hafnarfjarðar á 385. fundi þess þann 10. janúar 2018 segir:

Umræða um framtíðar fyrirkomulag skólamáltíða.

Ákveðið að stofna starfshóp um málið og fræðslustjóra falið að leggja fram erindisbréf starfshópsins á næsta fundi.

Eftirfarandi texti minnisblaðsins er eftirfylgni við málið í fræðsluráði. Auk þess er tillaga að verkáætlun verkefnisins og í því samhengi starfshópur við þá framkvæmd.

Í meginatriðum er lagt til að verkefnið verði þrískipt og skiptist á þrjár annir:

1. hluti vorönn 2018: Starfshópur á vegum fræðsluráðs Hafnarfjarðar starfar.
2. hluti haust 2018: Tillögur starfshóps eru útfærðar og unnar í samvinnu við hvern skóla, nemendur, starfsfólk og foreldra.
3. hluti vorönn 2019: Farið í undirbúning framkvæmdar sem tekur gildi frá hausti 2019.

Tillagan gengur út á það að starfshópur á vegum fræðsluráðs taki fyrst til starfa. Starfað verði á vorönn 2018 og tillögur komi til fræðsluráðs eigi síðar en 15. apríl 2018 og afgreitt frá ráðinu eigi síðar en í júní 2018. Hlutverk hans verði að skilgreina þá möguleika sem skólum geti staðið til boða, t.d.:

- Val skóla á milli þess að reka sjálf mötuneyti eða kaupa mat utanfrá
- Val skóla í því að setja sér eigin áherslur varðandi mat, þ.e. hvaða möguleikar skólar hafa á breytileika varðandi maðseðla og kostnað
- Val nemenda og starfsmanna í því að skilgreina og útfæra stefnu skólans í matarmálum s.s. hvað varðar næringu, matarsónun, fjölbreytni og matseðil.

Eftir samþykkt fræðsluráðs taki svo við vinna í hverjum skóla haustið 2018 til að leita eftir sjónarmiðum innan hvers skóla um fyrirkomulag á skólamat innan viðkomandi skóla. Hver skóli skilgreini eigin áherslur og þarfir á haustönn 2018.

Þegar ljóst er með sjónarmið úr öllum skólum fari í gang undirbúningur fyrir breytingar haustið 2019. Það getur falist í að undirbúa útboð í samræmi við áherslur skóla (sameiginlegt útboð með einhverja skóla með eða ekki) eða gera breytingar innanhúss, t.d. á aðstöðu í skólamötuneyti og ráðningar starfsfólks ef það á við.

Frá 1. ágúst 2019 komi nýtt fyrirkomulag í framkvæmd, allt eftir þeim möguleikum sem starfshópur fræðsluráðs býður upp á. Núverandi samningur við Skólamat ehf rennur að skólaárinu 2017-2018 loknu og gildir það fyrir alla grunnskóla bæjarins nema Áslandsskóla. Ef gert er ráð fyrir nýju fyrirkomulagi frá haustinu 2019 þarf að framlengja á einhvern hátt núverandi framkvæmd í eitt ár, óháð því hvaða form verði fyrir slíka framkvæmd, þ.e. semja við núverandi aðila án útboðs, halda útboð til eins árs eða annað sem raunhæft og löglegt væri að gera. Það er ekki hlutverk þessa hóps að skilgreina þá möguleika sem eru í stöðunni gagnvart þessu eina ári meðan frekari vinna er í gangi um matarmálin.

Drög að erindisbréfinu fyrir starfshóp er að finna hér aftast í minnisblaðinu, viðauka.

Virðingarfyllt,

Fanney Dóróthe Halldórsdóttir,

Sviðsstjóri fræðslu og frístundarþjónustu Hafnarfjarðar.

DRÖG

ERINDISBRÉF

fyrir starfshóp um matarmál í grunnskólum Hafnarfjarðar

1. Meginverkefni starfshópsins er að leggja fram hugmyndir um möguleika grunnskóla til að efla fjölbreytni og sveigjanleika í matarmálum sínum. Í því felst m.a.:
 - a. Að skoða möguleika á því að auka val skóla í matarmálum, t.d. fá aðkeyptan mat eða elda á staðnum.
 - b. Að gefa hagsmunaaðilum í hverjum skóla tækifæri til að hafa áhrif á matarmál skólans.
 - c. Að hver skóli hafi möguleika að mynda eigin stefnu um matarmál sem hugsanlega getur valdið mismiklum kostnaði milli skóla eftir sanngjörnum leikreglum.
 - d. Að fylgja eftir og hafa markmið Heilsueflandi samfélags sem leiðarstef í allri vinnu sinni
 2. Starfshópurinn er skipaður eftir aðilum:
 - a. Þrír fulltrúar sem fræðsluráð tilnefnir, þar af einn sem formann.
 - b. Íþrótta- og tómstundafulltrúi
 - c. Þróunarfúlltrúi grunnskóla
 - d. fulltrúi foreldraráðs Hafnarfjarðar
- Þróunarfúlltrúi grunnskóla er ritari starfshópsins og íþrótta- og tómstundafúlltrúi er starfsmaður stýrihópsins.
3. Starfshópurinn getur haldið allt að sjö fundi án frekari samþykkis fræðsluráðs. Starfshópurinn heldur fundargerðir yfir fundi sína og sendir sviðsstjóra eftir hvern fund og eru lagðir fram í fræðsluráði. Formaður boðar til funda.
 4. Starfshópurinn getur kallað eftir ráðgjöf og samstarfi innan bæjarins eftir því sem á við og kallað þá aðila til samráðs sem hann óskar eftir og telur að styðji við framkvæmd verkefnisins. Hann getur sömuleiðis haldið opna vinnufundi, samráðsfundi o.þ.h. með stærri hópi hagsmunaaðila eins og hann telur æskilegt.

5. Miðað er við að hópurinn hefji vinnu sína í febrúar 2018 og skili tillögum sínum eigi síðar en 15. apríl 2018.

Hafnarfirði 17. janúar 2018

Fanney D. Halldórsdóttir, sviðsstjóri fræðslu- og frístundaþjónustu